

1864.  
21. júlí.

sem stendur til í Reykjavík, sem menn hafi í sýslunum, þarsem lausafjórðungi eru; en verði Reykjavík tekin í brunabótafélag hinna dönsku kaupstaða, þá geti slík undirstaða fengið að því, er sjálfan bæinn snerti, í ábyrgðarverði húsanna, og að því, er snerti tómthús á lóð bæjarins, í virðingarverði þeirra, og að einnig mætti fara eftir sömu reglunni, sem er við höfð í hinum lögsagnarumdæmunum, um þá tómthúsmenn, er eiga tíundarbært lausafé, að jafna gjaldinu á lausafjórðungi. Að yðar álitu væri því réttast að láta bíða að skipa fyrir um málefni þetta þangað til útkljáð er um það, hvort Reykjavík verði tekin í brunabótafélag hinna dönsku kaupstaða.

Um leið og stjórnarráðið getur þess, að uppástunga sú, sem það óskaði að fá, ekki átti að vera um það, að finna nýja undirstöðu fyrir niðurfjöfnun jafnaðarsjóðsgjaldsins á íbúa Reykjavíkur, heldur um hitt, að fá betri grundvöll, en þann, sem nú er byggt á, til að finna, hversu hátt tillag Reykjavík beri að greiða til sjóðsins í hlutfalli við hina aðra parta amtsins, skal yður hér með kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þér auglýsið það, að dómsmálastjórninni, eftir öllum þeim skýrslum, sem fram eru komnar, ekki þykir ástæða til, að minnsta kosti ekki nú sem stendur, að hlutast til um, að breytt verði reglum þeim, sem að undanfögnu hefir verið farið eftir um borgun gjalds þessa samkvæmt konungsbréfi 28. d. maím. 1831.

21. júlí.

**68. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtamannsins yfir Íslandi, um borgun fyrir kennslu aðstoðarlækna.**

Í skjali, er sent var beina leið til stjórnarráðsins, hefir landlæknirinn á Íslandi, Jón jústizráð Hjaltalín, dr. med., kvartað yfir, að hinn setti amtmaður í vesturumdæminu hafi neitað að borga sér úr jafnaðarsjóði amts þessa fé það, sem um er rætt í konungsúrskurði 12. d. ágústm. 1848, og sem ætlað var fyrir kennslu í læknisfræði.

Um þetta efni skorar stjórnarráðið á yður, herra stiptamtmaður, að kunngjöra Hjaltalín jústizráði, að greindur konungsúrskurður eigi veiti heimild fyrir útborgun þeirri, er hann krefst, með því úrskurðurinn aðeins leyfir, að þeir 200 rd., sem þar er um rætt, séu árlega greiddir úr jafnaðarsjóði hvers amts til kennslu handa aðstoðarlæknum, og ber þess um leið að geta, að þarsem alþingi árið 1863 fór þess á leit, að verja megi eptirleidis þessum 200 rd. til eflingar læknakennslunni hjá landlækni, þá sýnir þetta atvik nógsamlega, að alþingi álitur, að ekki sé nú þegar heimild til að verja fenu á þenna hátt.

1864.  
21. júlí.

### 69. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um launaviðbót handa yfirsetukonu í Vestmannaeyjum.

27. júlí.

Með bréfi 31. maím. þ. á. hafð þér, herra stiptamtmaður, sent hingað skjal nokkurt frá sýslumanninum í Vestmannaeyjum, um að Solveigu Markússen, yfirsetukonu þar í eyjunum, verði veitt slík launaviðbót, að laun hennar verði 50--60 rd. á ári, en hún hafi lýst því yfir, að hún segi af sér sýslan sinni nema laun hennar verði hækkuð. Eptir að þér hafð fengið álit landlæknisins, Hjaltalíns jústizráðs, um málið, hafð þér lagt það til, að yfirsetukonu þessari verði veittir hærumbil 40 rd. á ári í viðbót við laun þau, er hún nú hefir, en það eru 30 rd.; ætti viðbót þessi að yðar álitu að borgast á sama hátt og launin, það er af spítalahlutum þeim, er til falla á eyjunum af fugla veiði og fiska, samkvæmt opnu bréfi 24. marzm. 1863.

Um þetta efni skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þér auglýsið það, að eins og launaviðbót þessi ekki verður útveguð úr ríkissjóðnum, þannig þykir stjórnarráðinu, þegar það lítur á umræður þær, er fram fóru á alþingi árið 1861 um laun yfirsetukonu þeirrar, sem hér er um rætt, eigi heldur